

Fundur 8.1.2024 Móðir Teresa.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið og sæl.*

Æfinlega finnst mér gott að tala við ykkur og finnst mér það betra í hvert skipti, þar sem ég skil betur afstöðu vísindamanna heimsins og þótt ég gefi mig ekki að því nema nokkra klukkutíma á dag, finnst mér það bæta líf mitt og finnst mér það fyrir mestu að fá samþykki Drottins fyrir því og geta hjálpað þeim sem þurfa á því að halda og geta endurnýjað eigin styrk og hjálpað þeim meira og meira sem á þurfa að halda.

Og hef ég oft heyrt þessar raddir að ég þurfi að vera opin fyrir öllum þeim sem tala vísindalega og útskýra tilveruna og hefur mér vissulega skilist að ég stíg fæti mínum á jörðina og hef öðlast jarðneska tilveru eins og á gömlu jörðinni.

Og það ber að þakka eins og aðra Drottins sköpun og það skiptir ekki máli hvað kirkjan taldi vísindi fyrir hundrað eða tvö hundruð árum, heldur það sem framúrstefnulegar og nútímalegar kirkjudeildir trúa sem vísindi í dag.

Og heyri ég stundum Drottinn segja það við mig að það sé nauðsynlegt að gefa þessu gaum, og muni ég þá betur getað hjálpað fátæklingum á þessum hnetti og tek ég vel í það.

Hefur kærleikur minn ekki minnkað heldur aukist vona ég og hef ég einnig þurft að laga mig að aðstæðum á þessum hnetti og takast á við ný vandamál.

Hafa það verið spennandi áskoranir og gefandi, en það er fyrir miklu að líkamleg heilsa er betri og þarf ég að fara vel með þetta verkfæri Drottins og hlusta á vísindamennina sem fjalla um hin mörgu svið lífsins, eins og líffærafræði og jarðfræði og margt fleira og stjörnufræði.

Og sakna ég stundum gömlu jarðarinnar, og hélt ég í fyrstu, þegar ég kom hingað, að ég ætti að tifta mig fyrir syndir en hef ég nú lagt þann sið af og hef margt annað að segja en verð nú að hætta að sinni.

Átti ég að reyna að fræða um Guðsríki í nánd, en er mér það ekki fært að sinni, þar sem ég ætlaði að fjalla um starf mitt frekar á þessum hnetti, hef ég komið til ykkar áður móðir Teresa.

*Já, komdu sæl og blessuð, en ljós guðir þeir drottna ekki.*

Hvað segir þú ?

*Ljós guðir, þeir drottna ekki, það eru þeir sem drottna, það eru þeir sem kúga og stjórna.*

Það er ekki drottun að vilja hjálpa vinur, ég vil aðeins hjálpa fólki.

*Það er af hinu góða, hið besta mál.*

*Hann er að tala um Drottinn þinn.*

Jaá, jaá.

*Þennan Abrahams Drottinn.*

Já já ég þekki það, það er margt misjafnt í Biblíunni, já já. Það er alveg rétt, en þú þekkir ekki Drottinn fyrr en þú leitar hans og fólk hefur mismunandi upplifanir af honum, það eru margar sögurnar, já já.

*Ert þú þá að tala um Jesú ?*

Já, já já.

*Já það er misskilningur að kalla hann drottinn.*

Misskilningur ?

*Já, hann drottnar ekki, þetta er ekki alveg útskýrt hvernig það er, maður þarf eiginlega að skilja þessi hugtök, eins og drottnunar hugtakið.*

*Þeir sem eru í ljósinu og á leiðinni upp á við eins og Jesú Kristur, þeir eru ekki drottnarar.*

Nei ég er ekki að tala um að drottna, en hann leiðbeinir okkur og

*Nú er ég farin að skilja þig, fyrirgefðu.*

Já þetta eru einhver hugtök sem koma svona í þýðingunni.

*Já, já já gangi þér vel.*

Já.

*Ég misskildi þetta.*

Já ég fer í friði og þakka fyrir mig og verið þið sæl og blessuð.

*Vertu velkomin aftur og þakka þér fyrir.*

Já þakka fyrir.

*Blessuð.*